

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/499
komudagur 4.12.2002



IÐNAÐAR - OG VIÐSKIPTARÁÐUNEYTI

Alþingi - Iðnaðarnefnd
Ágúst Geir Einarsson
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Amarhvoli 150 Reykjavík
sími: 545 8500 bréfasími: 562 1289
netfang: postur@ivr.stjr.is
veffang: <http://www.raduneyti.is/ivr>

Reykjavík, 2. desember 2002
Tilvísun : IVR02110064/10.203/GOG

Ráðuneytið vísar til bréfs yðar, dags. 14. nóvember 2002, þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um ójafnvægi í byggðamálum, þingskjal 29.

Í byggðaáætlun fyrir árin 2002 – 2005 var ákveðið að athuga sérstaklega búsetuskilyrði fólks í landinu og einnig starfsskilyrði atvinnuveganna. Hagfræðideild Háskóla Íslands og Bygðarannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri voru fengnar til að vinna að þessum verkefnum. Byrjað var á verkinu í sumar og er áætlað að skýrsla komi út um næstu áramót. Taka má fram að sérstaklega er verið að skoða vöruverð og flutningskostnað í þessu sambandi og að leitað hefur verið eftir upplýsingum um allt land. Hér er rétt að áréttta hver meginmarkmiðin eru með gerð skýrslunnar skv. þingsályktun um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002 - 2005.

Meginmarkmið vegna athugunar á búsetuskilyrðum fólks er:

„Að fá fram vandaða rannsókn á því hver raunverulegur mismunur sé á búsetuskilyrðum á landinu. Jafnframt er mikilvægt að rannsökuð verði áhrif þeirra opinberu aðgerða sem þegar hefur verið beitt, m.a. til niðurgreiðslu á húshitun, námskostnaði, jöfnun raforkuverðs og framlögum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Þá er mikilvægt að kanna möguleika á skattalegum aðgerðum, svo sem að kostnaður við atvinnusókn um lengri veg, t.d. meira en 20 km, verði frádráttarbær frá skatti.“


Meginmarkmið vegna athugunar á starfsskilyrðum atvinnuveganna er:

„Að fá niðurstöðu um það hver sé raunverulegur mismunur á starfsskilyrðum fyrirtækja og sjálfstætt starfandi atvinnurekanda eftir landshlutum, svo sem um áhrif flutningskostnaðar og reglna um þungaskatt og áhrif tryggingagjalds og virðisaukaskatts. Jafnframt verði rannsökuð áhrif þeirra opinberu aðgerða sem þegar hefur verið beitt í þessu skyni.“

Eins og sjá má þá er um viðamikið verkefni að ræða.

Ráðuneytið telur því að ekki sé þörf á sérstakri aðgerðaáætlun gegn ójafnvægis í byggðamálum svo sem tillagan gerir ráð fyrir. Eðlilegast er að beðið sé eftir niðurstöðum í þeim skýrslum sem unnið er að, og minnst var á hér að undan.

F.h.r.

A handwritten signature in black ink, appearing to read "Jón Þórhildur". The signature is fluid and cursive, with a long horizontal stroke extending to the right.A second handwritten signature in black ink, also appearing to read "Jón Þórhildur". This signature is more compact and less cursive than the one above, with a shorter horizontal stroke.